

SVEIGJANLEIKI



ÞANNGJÖRN LAUNAKJÖR



ÞNÆGJA OG STÖLT

GÖÐUR STAREFSANDI



STOFNUN ÁRSINS
BORG OG BÆR 2015



Stofnun ársins Borg og bær 2015

Stofnun ársins - Borg og bær er valin í tveimur flokkum líkt og síðustu þrjú ár. Flokkarnir skiptast í stærri stofnanir með 50 starfsmenn eða fleiri og minni stofnanir, með 5-49 starfsmenn. Í flokki stærri stofnana bar Frístundamiðstöðin Frostaskjól sigur úr bítum með einkunnina 4,20 en Frostaskjól lenti í öðru sæti í fyrra og í fyrsta sæti árið áður.

Í flokki minni stofnana er Leikskólinn Garðasel Akranesi í fyrsta sæti með einkunnina 4,60, en þau voru í öðru sæti fyrir ári síðan og sigra nú þennan flokk í þriðja skipti.

Titillinn Hástökkvari ársins fær sú stofnun sem hækkar sig mest á milli ára. Í ár er það Grafarvogslaug, en sá vinnustaður hækkar sig mest á raðeinkunn milli mælinga. Hástöckvarinn er fundinn þannig að hverjum vinnustað er gefin raðeinkunn á bilinu 1-100 og breytingin síðan borin saman milli ára. Fleiri vinnustaðir tóku þó gott stökk milli mælinga, t.d. Skrifstofa Íþrótt- og tómstundasviðs Rvk., Árbæjarlaug, Skrifstofa Velferðarsviðs Rvk., Þjónustumiðstöð Vesturbæjar og Laugar-dalslaug.

Í flokknum stærri stofnanir, með 50 starfsmenn eða fleiri, eru þrjár stofnanir valdar sem fyrirmyndastofnanir. Í ár eru það Frístundamiðstöðin Frostaskjól, sem jafnframt var valin Stofnun ársins, næst kemur Seljaskóli og Norðlingaskóli.

Í flokknum minni stofnanir, með allt að 49 starfsmenn, eru einnig valdar þrjár stofnanir en það eru Leikskólinn Garðasel Akranesi, sem sigraði þetta árið og Leikskólinn Vallarsel Akranesi og Fossvogsskóli.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar óskar starfsmönnum og stjórnendum þessara stofnana innilega til hamingju með þennan glæsilega árangur og óskar þeim alls hins besta í framtíðinni.

FRAMKVÆMD

St.Rv. velur nú Stofnun ársins – Borg og Bær í fjórða sinn. Líkt og fyrir ári er vinnustöðum skipt upp í stærri (50 eða fleiri starfsmenn) og minni vinnustaði (færri en 50 starfsmenn) og hægt er að bera saman árangur vinnustaðanna í hvorum stærðarflokki fyrir sig. Þátttakendur eru spurðir út í átta þætti í starfsumhverfinu eins og trúverðugleika stjórnenda, sjálfstæði í starfi, vinnuskilyrði, starfsanda, sveigjanleika í starfi og fleira.

Val á Stofnun ársins og Fyrirtæki ársins er samvinnuverkefni St.Rv., SFR stéttarfélags, VR og fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Könnunin er ein stærsta reglulega vinnumarkaðskönnun sem framkvæmd er hér á landi og gefur mikilvægar upplýsingar um stöðu starfsmanna á vinnumarkaði. VR hefur útnefnt Fyrirtæki ársins í 19 ár, SFR hefur staðið fyrir vali á Stofnun ársins síðastliðin 9 ár, en St.Rv. stendur fyrir valinu Stofnun ársins – borg og bær nú í fjórða sinn.

Könnun meðal félagsmanna St.Rv. fór fram með sama hætti og hjá SFR og VR. Gallup sá um framkvæmdina sem var alfarið framkvæmd á netinu. Send var könnun á félagsmenn þar sem netfang var fyrir hendi og hringt var í þá félagsmenn St.Rv. sem ekki höfðu netfang og þeim boðið að taka þátt

í könnuninni. Könnunin náði til allra félagsmanna St.Rv. sem voru í 40% starfi eða meira og höfðu verið félagsmenn í a.m.k. fjóra mánuði.

Upphaflega voru tæplega 4.400 manns í þýði St.Rv. en af þeim voru nærri 800 sem fundust ekki, voru veikir, eða tilheyrdðu ekki þýðinu. Alls voru því tæplega 3.600 manns í endanlegu þýði. Svör bárust frá 1.664 og voru svör 1.523 notuð við úrvinnslu, sem gerir 43% svarhlutfall. Þetta er lítið eitt betra svarhlutfall en á síðasta ári. Mikilvægt er að hafa í huga að þetta er svörun úr heildarhópi eða þýði því allir félagsmenn St.Rv., að uppfylltum framangreindum skilyrðum, höfðu möguleika á að taka þátt.

Til þess að stofnun/vinnustaður/fyrirtæki væri tekin með í greininguna um Stofnun ársins – Borg og Bær þurfti fjöldi svarenda að ná ákveðnu lágmarki. Krafa var gerð um 35% svarhlutfall frá stofnun. Auk þess var miðað við að lágmarki 5 svarendur hjá minni stofnunum, þ.e. með færri en 50 starfsmenn. Hjá stofnunum með 50 starfsmenn eða fleiri þurftu að lágmarki 10 starfsmenn að hafa sent svör sín til Gallup. Alls uppfylltu 55 stofnanir þessi skilyrði, heldur færri en í fyrra þegar 62 stofnanir komust á lista.

Niðurstöður könnunarinnar Stofnun ársins – Borg og Bær byggja á svörum tæplega 1.200 starfmanna áður nefndra 55 vinnustaða. Félagsmenn St.Rv. vinna gjarnan á vinnustöðum þar sem starfa félagsmenn margra annarra stéttarféлага og skýrir það af hverju ekki fleiri vinnustaðir komast á lista.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar óskar starfsmönnum og stjórnendum Stofnana ársins borg og bær, Fyrirmyndarstofnana og Hástökkvara innilega til hamingju með glæsilegan árangur.

STÓRAR STOFNANIR (50 starfsmenn eða fleiri)

1. sæti STOFNUN ÁRSINS borg og bæ 2015
Frístundamiðstöðin Froskaskjól - Einkunn: 4,20
2. sæti FYRIRMYNDARSTOFNUN 2015
Seljaskóli - Einkunn: 4,18
3. sæti FYRIRMYNDARSTOFNUN 2015
Norðlingaskóli - Einkunn: 4,17

MINNI STOFNANIR (49 starfsmenn eða færri)

1. sæti STOFNUN ÁRSINS borg og bæ 2015
Leikskólinn Garðasel Akranesi - Einkunn: 4,60
2. sæti FYRIRMYNDARSTOFNUN 2015
Leikskólinn Vallarsel Akranesi- Einkunn: 4,56
3. sæti FYRIRMYNDARSTOFNUN 2015
Fossvogsskóli - Einkunn: 4,51

HÁSTÖKKVARI ÁRSINS 2015

Grafarvogslaug



Stofnun ársins Borg og bær 2015

TILGANGUR

Tilgangurinn með könnuninni um Stofnun ársins – Borg og Bær er að vera stjórnendum hvatning til að láta sig stjórnun og aðbúnað starfsfólks varða sem og viðurkenning til handa þeim sem skara fram úr á því sviði. Það er von okkar að þessi könnun meðal starfsmanna verði nýtt starfsfólki til hagsbóta.

Mælingar á frammistöðu stofnana á þessu sviði eru ekki bara sjálfsagðar heldur nauðsynlegar. Með þessu móti fá starfsmenn og stjórnendur kærkomnar upplýsingar til að meta frammistöðu sinnar stofnunar.

Sífelldar breytingar eru í umhverfi okkar sem kalla jafnframt á sífellda aðlögun vinnustaða að nýjum veruleika. Breytingar í vinnubrögðum, skipulagi og stjórnun gera miklar kröfur til allra aðila; kjörinna fulltrúa í borgar- og bæjarstjórnun, stjórnenda og starfsmanna. Það er hagur allra; íbúa, stjórnenda og starfsfólks, að stofnanir og fyrirtæki búi starfsmönnum sínum jákvætt og styðjandi starfsumhverfi. Mikilvægt er því að allar ákvarðanir séu teknar af yfirvegun og byggðar á vandaðri stjórnsýslu.

Niðurstöður könnunarinnar getur starfsfólk notað til að bera saman eigin vinnustað við aðra vinnustaði, stofnanir og fyrirtæki, bæði á opinberum og almennum vinnumarkaði. Þá, eins og áður er getið, eru þessar upplýsingar ekki síður dýrmætar fyrir stjórnendur, hvort sem um er að ræða staðfestingu á því sem vel er gert í starfsmannamálum eða hvatning til að gera betur.

ÁTTA ÞÆTTIR MÆLDIR –


VINNUSTAÐIR SEM KOMUST Á LISTA

Átta þættir voru mældir: Trúverðugleiki stjórnenda, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar auk ánægju og stólt. Þættirnir átta eru samsettir úr þeim spurningum sem falla undir hvern þátt. Hverri spurningu er hægt að svara á fimm punkta kvarða (þar sem 1 er lægst og 5 er hæst) og þar sem hærri endi kvarðans gefur til kynna meiri ánægju með það sem spurt er um en lægri endinn gefur til kynna meiri óánægju.

Valið á Stofnun ársins Borg og Bær

Tafla 1. Samanburður á einkunnum vinnustaða milli ára – vinnustaðir sem komust á lista

	2015	2014	2013	2012
Heildarmeðaltal	3,91	3,80	3,76	3,78
Trúverðugleiki stjórnenda	3,99	3,85	3,82	3,76
Starfsandi	4,17	4,13	4,09	4,07
Launakjör	2,45	2,24	2,22	2,24
Vinnuskilyrði	3,69	3,53	3,47	3,57
Sveigjanleiki vinnu	4,18	4,19	4,14	4,06
Sjálfstæði í starfi	4,25	4,16	4,15	4,14
Ímynd stofnunar	3,91	3,85	3,75	3,81
Ánægja og stolt	4,07	4,04	3,97	3,95



Mynd 1. Breyting þátta milli ára – vinnustaðir sem komust á lista

Tafla 2. Einkunnir á öllum þáttum skipt eftir stærð vinnustaða – vinnustaðir sem komust á lista

	Færri en Færri en 50 starfsmenn	50 starfsmenn eða fleiri
Heildarmeðaltal	3,94	3,88
Trúverðugleiki stjórnenda	4,05	3,94
Starfsandi	4,17	4,18
Launakjör	2,41	2,48
Vinnuskilyrði	3,81	3,61
Sveigjanleiki vinnu	4,21	4,15
Sjálfstæði í starfi	4,30	4,21
Ímynd stofnunar	3,92	3,90
Ánægja og stolt	4,07	4,07


2015 byggist á heildareinkunn sem er samsett úr framangreindum átta þáttum. Í samsetningu heildareinkunnar er vægi þáttanna átta ólíkt og er vægi þáttarins „trúverðugleiki stjórnenda“ mest í heildareinkunn (24%), en minnst er vægi „launakjara“ (9%). Við útreikninga á vægi hvers þáttar er alfarið byggt á gögnunum sjálfum.

STOFNUN ÁRSINS – BORG OG BÆR

Eins og áður sagði komust 55 stofnanir á lista. Meðal-heildareinkunn þessara stofnanna er 3,91 sem er nokkur hækkun frá því fyrir ári. Átta þættir voru mældir og af þáttunum átta fékkst hæsta einkunn á þættinum „Sjálfstæði í starfi“ (4,25) en lægsta einkunn fékkst á þættinum „Launakjör“ (2,45).



Mynd 2. Munur á milli stórra og lítilla vinnustaða – vinnustaðir sem komust á lista. Jákvæðar tölur sýna hve mikið litlir vinnustaðir (5-49 starfsmenn) eru hærri en stórir (50 starfsmenn og meira) en neikvæðar tölur sýna mun stórum stofnunum í vil (launakjör) – St.Rv. félagar, allir svarendur



Mynd 3. Hlutfall svarenda sem gefur trúverðugleika stjórnenda „mjög góða einkunn“ (þ.e. einkunn bilinu 4,50-5,00 – St.Rv. félagar, allir svarendur

Einkunnir þáttanna má annars sjá í töflu 1. Launakjör og vinnuskilyrði hækka mest frá síðasta ári, eins og sjá má á mynd 1.

Líkt og í fyrra er vinnustöðum skipt í tvo flokka eftir fjölda starfsmanna; minni vinnustaði með færri en 50 starfsmenn og stærri vinnustaði með 50 og fleiri starfsmenn. Stærð vinnustaða er almennt talin mikilvægur áhrifabáttur á líðan og viðhorf starfsfólks vegna þess að með aukinni stærð vinnustaða verður samhenging ólíkra þátta í starfsemi flóknari. Einnig nýta stærri vinnustaðir alla jafna formlegri stjórnun og skipulag en minni vinnustaðir sem hefur marg-

vísleg áhrif á samskipti og þau áhrif sem fólk getur haft á aðstæður sínar. Ákvarðanatöku getur þannig verið hægari á stærri vinnustöðum og hendur stjórnenda bundnari í mörgum málum en ef vinnustaðurinn væri minni. Á móti kemur að stærri vinnustaðir hafa jafnan meiri bjargir, t.d. til að byggja upp mannauðsdeildir sem veitt geta stjórnendum sérhæfðari aðstoð en annars væri, auk þess sem tækifæri til starfsþróunar og sérhæfingar eru oftast meiri á stærri vinnustöðum en minni. Minni vinnustaðir fengu lítið eitt hærri útkomu á flestum þáttunum, þó ekki muni miklu. Mestu munar á

vinnuskilyrðum, litlum stofnunum í hag. Á þættinum launakjör er einkunn stórra stofnana hærri en þeirra minni, eins og sjá má á mynd 2 og er það sama mynstur og fyrir ári.

Í hópi minni stofnana (færri en 50 starfsmenn) fékk Leikskólinn Garðasel Akranesi hæstu einkunn, eða 4,60, en hann var í öðru sæti fyrir ári og einnig sigurvegari í hitteðfyrra. Í öðru sæti var Leikskólinn Vallarsel Akranesi sem var í fjórða sæti í fyrra. Í því þriðja var Fossvogsskóli, en hann komst ekki á lista í fyrra vegna ónógrar svörunar. Í hópi stærri stofnana (50 starfsmenn eða fleiri) fékk Frístundamiðstöðin Frostaskjól hæstu einkunn, eða 4,20, en Frístundamiðstöðin var í öðru sæti fyrir ári. Í öðru sæti var Seljaskóli og Norðlingaskóli í því þriðja. Hvorugur þessara vinnustaða komst á lista í fyrra vegna ónógrar svörunar.

ÞÆTTIRNIR ÁTTA – SVÖR ALLRA ST.RV. FÉLAGA

Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum St.Rv. félaga án tillits til þess hvort vinnustaðurinn komst á lista eða ekki. Þessar niðurstöður geta því vikið lítið eitt frá þeim niðurstöðum sem birtar eru að ofan. Þessar niðurstöður takmarkast ekki við þá vinnustaði sem komust á lista (um 1200 svör) heldur miðast við svör allra eða 1.523 svarendur.

TRÚVERÐUGLEIKI STJÓRNENDA

Matið á trúverðugleika stjórnenda er byggt á tíu spurningum um stjórnendur almennt, næsta yfirmann og hversu vel vinnustaðnum er stjórnað. Trúverðugleiki stjórnenda hækkar frá fyrra ári og er þetta hæsta einkunn á þættinum sem mælt hefur frá upphafi. Yngra fólk og þeir sem eru með skemmri starfsaldur gefa hærri einkunn en þeir sem eldri eru eða hafa starfað lengur á vinnustaðnum. Svörin voru flokkuð eftir stöðu í skipun og voru „hærri stjórnendur“ og millistjórnendur jákvæðastir starfsstétta en almennir starfsmenn neikvæðastir. Svörum var einnig skipt eftir sviðum/sveitarfélögum og var starfsfólk Akranesbæjar og starfsfólk Íþrótt- og tómstundasviðs jákvæðast en starfsfólk Ráðhúss neikvæðast. Íþrótt- og tómstundasvið hækka mest milli mælinga, en Seltjarnarnes lækkar. Á mynd 3 er

sýnt hlutfall sem gefur trúverðugleika stjórnenda mjög góða einkunn (einkunn á bilinu 4,50-5,00) eftir sviðum/sveitarfélögum og árum.

Ein spurning í þættinum um trúverðugleika stjórnenda snýr að því hvort fólki finnist vinnustaðnum vel eða illa stjórnað. Ríflega 71% segja að vinnustaðnum sé vel stjórnað og er það lítilsháttar hækkun frá því fyrir ári. Þar af segja 27% að honum sé mjög vel stjórnað en tæp 11% að honum sé illa stjórnað, en það hlutfall var 12% fyrir ári (sjá mynd 4).

STARFSANDI

Matið á starfsanda er byggt á þremur spurningum sem lúta að samskiptum og starfsanda. Almenn er starfsandi talinn góður og einkunn á þættinum mælist há og er svipuð og fyrir ári. Hærri stjórnendur telja starfsandann betri en þeir sem eru neðar í skipuriti. Eins og sést á mynd 4 er hátt hlutfall sem gefur starfsanda mjög góða einkunn, eða einkunn á bilinu 4,5 til 5,0.

LAUNAKJÖR


Mat á launakjörum hækkar milli mælinga. Matið er byggt á þremur spurningum um laun, þ.e. ánægju með laun, sanngirni launa og samanburði á eigin launum og launum annarra. Ánægja með launakjör er mest meðal yngstu svarendanna og þeirra sem starfað hafa skemmst á vinnustaðnum, en lakara hjá þeim sem eru eldri og starfað hafa lengur. Hærri stjórnendur eru ánægðari með launakjör en t.d. sérfræðingar og sérhæft starfsfólk.

Ein spurning af þremur sem mynda þáttinn launakjör er spurningin hvort fólki telji vinnuveitandann greiða betri, svipuð eða verri laun en gert sé á sambærilegum vinnustöðum. Af svarendahópnum í heild eru um 42% sem segja launin verri, rætt tæpur helmingur segir þau sambærileg, en tæplega 9% telur launin betri og hefur það hlutfall aldrei mælst hærra.

Þá var spurt um ánægju með launakjör og jókst hlutfall þeirra sem eru ánægðir milli mælinga en óánægðum fækkaði.


Í þessari könnun var ítarlega spurt um sanngirni launa miðað við ýmsar forsendur. Sanngjörnst finnst fólki launin ef miðað er við vinnutíma, en ósanngjörnst ef miðað er við ábyrgð í starfi (sjá mynd 8).

Hversu vel eða illa telur þú að þínum vinnustað/þinni starfsstöð sé stjórnað




Mynd 4. „Hversu vel eða illa telur þú að þínum vinnustað/þinni starfsstöð sé stjórnað“ – St.R.v. félagar, allir svarendur

Hlutfall sem gefur starfsanda góða einkunn




Mynd 5. Hlutfall svarenda sem gefur starfsanda „mjög góða einkunn“ (þ.e. einkunn bilinu 4,50-5,00) – St.Rv. félagar, allir svarendur


Launakjör m.v . sambærilega vinnustaði



Mynd 6. „Telur þú vinnuveitanda þinn veita betri, svipuð eða verri launakjör en gert er á öðrum sambærilegum vinnustöðum?“ Hlutfallstölur. – St.Rv. félagar, allir svarendur




Mynd 7. „ánægja með launakjör“ – Hlutfallstölur. St.Rv. félagar, allir svarendur



Mynd 8 : Sanngirni launa miðað við ýmsar forsendur – St.Rv. félagar eingöngu, spurt var „Hversu sanngjörn eða ósanngjörn eru laun þín miðað við ... ?“

Þegar spurt er um sanngirni launa miðað við frammistöðu finnst þeim sem hafa skemmsta menntun launin ósanngjörnst en þeir sem lengsta

menntun hafa telja launin ögn sanngjarnari. Þannig telja alls 61% þeirra sem eru með grunnskólapróf eða minna launin ósanngjörn miðað



Mynd 9. Hlutfall svarenda sem gefur „vinnuskilyrðum“ „mjög góða einkunn“ (þ.e. einkunn bilinu 4,50-5,00 – St.Rv. félagar, allir svarendur

við frammistöðu í starfi, en meðal háskólamenntaðra er hlutfallið 51%. Myndin snýst við þegar spurt er um sanngirni launa miðað við menntun. Þá telja háskólamenntaðir launin ósanngjörnst, eða 56%. Hlutfall fólks með grunnskólapróf eða minna sem telur launin ósanngjörn miðað við menntun er mun lægra eða 26%. Þannig breytist myndin talsvert eftir því við hvað svarandinn miðar í svörum sínum.

VINNUSKILYRÐI


Mat á vinnuskilyrðum hækkar lítillega milli mælinga. Matíð er byggt á sex spurningum um ánægju með ýmsa þætti í umhverfinu, t.d. lýsingu, loftræstingu, tölvu- og tækjabúnað. Mat á vinnuskilyrðum er jákvæðara meðal hærri stjórnenda og millistjórnenda en lægst meðal sérfræðinga. Þá er mat á vinnuskilyrðum jákvæðast hjá Akranesbæ og þar hækkar matið einnig milli mælinga. Hjá Menningar- og ferðamálasviði hækkar matið einnig, eins og sjá má á mynd 9.

Ein spurninganna sem liggja að baki þættinum snýr að ánægju með tölvu- og tækjabúnað. Ánægja vex nú þriðja árið í röð. Nú eru 56% ánægð með tölvu- og tækjabúnað en um fimmtingur er óánægður.


SVEIGJANLEIKI VINNU

Sveigjanleiki vinnu er mældur með fimm spurningum, t.d. hvort fólk geti skroppið frá í vinnutímanum og hvort fólk eigi auðvelt með að samræma vinnu og einkalíf. Sveigjanleiki er meiri hjá konum en körlum. T.d. segja karlar frekar en konur að ætlast sé til að þeir vinni yfirvinnu þegar þess er þörf og konur segjast einnig frekar en karlar hafa svigrúm til að útrétta í vinnutímanum. Þá segja konur frekar geta farið úr vinnu með litlum fyrirvara en karlar og þær segjast eiga auðveldara með að samræma vinnu og fjölskyldulíf. Mat á sveigjanleika stendur nokkurn veginn í stað milli mælinga.


Ein spurningin sem notuð er til mælingar á þættinum er hvort ætlast sé til þess að starfsfólk vinni yfirvinnu sé þess þörf. Karlar svara þessari spurningu oftast með svarinu „alltaf“ eða „oftast“ heldur en konur (sjá mynd 11).



Mynd 10. Viðhorf svarenda til tölvu- og tækjabúnaðar. Hlutfallstölur. Spurt var „Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með ... tölvu- og tækjabúnað? – St.Rv. félagar, allir svarendur



Mynd 11. „Það er ætlast til þess að ég vinni yfirvinnu sé þess þörf“ – Hlutfallstölur – St.Rv. félagar, allir svarendur



Mynd 12. Hlutfall svarenda sem gefur „ánægju og stolti“ „mjög góða einkunn“ (þ.e. einkunn bilinu 4,50-5,00 – St.Rv. félagar, allir svarendur

Líkt og í mörgum könnunum af svipuðum toga sýnir könnun St.Rv. að starfsfólk herra í skipuriti er

oftast ánægðara en aðrir starfsmenn. Einnig sýnir hún að hærri stjórnendur gefa hærri heildareinkunn en aðrir

starfshópar. Þeir eru ánægðari og stoltari en aðrir starfshópar og gefa þáttum eins og ímynd, vinnuskilyrðum, starfsanda og launakjörum hærri einkunn en almennir starfsmenn. Þetta gildir þó ekki um þáttinn sem metur sveigjanleika. Þótt stjórnendur séu almennt ánægðir með þann sveigjanleika sem þeir hafa þá eru stjórnendur oft bundnari en aðrir starfsmenn og meiri kröfur gerðar til þeirra varðandi viðveru og yfirvinnu en annarra starfsmanna.

SJÁLFTÆÐI Í STARFI

Þátturinn mælir hversu góð tækni fólki finnst það hafa á starfi sínu, hvort starfsfólk hafi yfirsýn yfir starfið og þau áhrif sem það sjálf hefur í starfinu. Sjálfstæði í starfi er meira hjá fólki með lengstan starfsaldur og meira hjá stjórnendum en almennum starfsmönnum. Sjálfstæði í starfi hækkar lítillega milli mælinga.

ÍMYND

Ímynd vinnustaðarins er metin með þremur spurningum sem varða mat á afstöðu annarra, umfjöllun og almannarómi um vinnustaðinn eins og t.d. „Þegar stofnunin sem ég starfa hjá ber á góma er sú umræða yfirleitt jákvæð.“ Þessi þáttur hækkar einnig lítillega milli mælinga.

ÁNÆGJA OG STOLT

Þátturinn „Ánægja og stolt“ er settur saman úr fjórum spurningum; ánægju í starfi, líðan í starfi, stolt af starfi og hvort viðkomandi gæti mælt með vinnustaðnum. Hærri stjórnendur eru ánægðastir starfsstétta, almennir starfsmenn óánægðastir og þá eru konurnar ánægðari en karlarnir. Yngsti hópur starfsfólks er einnig ánægðari en aðrir aldurshópar. Ánægjan er mest hjá Akranesbæ en minnst hjá umhverfis- og skipulagssviði. Þá hækkar ánægjan hjá Akranesbæ, Íþrótt- og tómstundasviði og Skóla- og frístundasviði, en það dregur úr ánægjunni hjá Seltjarnarnesbæ milli ára.

HVAÐ SVO?

Mikilvægt er að kannanir af þessu tagi séu framkvæmdar með reglubundnum hætti. Þannig geta stjórnendur og starfsmenn stuðlað að markvissri þróun mannauðsstjórnar og fá um leið tækifæri til að bera saman stöðu mannauðsmála hjá sínum stofnunum og annarra fyrirtækja og stofnana í landinu.

Staða St.Rv. samanborið við aðra

Könnunin Stofnun ársins er samstarfsverkefni St.Rv., SFR og VR en auk þess er fjármála- og efnahagsráðuneytið fyrir hönd ríkisins þátttakandi í könnuninni.

SAMANBURÐUR Á EINKUNNAGJÖF 2015

Þetta er í fjórða sinn sem St.Rv. gerir könnun meðal félagsmanna sinna um líðan á vinnustað og veitir stofnunum viðurkenningu. Meðaltal í stigagjöf hefur hækkað nú á milli ára. Öll þessi fjögur ár hafa þátttakendur í könnun VR félagar gefið hærri meðaleinkun fyrir sinn vinnustað en félagsmenn innan St.Rv. og SFR.

Litlar breytingar eru á milli ára í heildareinkunn hjá SFR og VR í könnuninni en heildareinkunn í okkar félagi hækkar á milli ára, var 3,79 2014 en er 3,87 nú og fer í fyrsta sinn yfir meðaltalið hjá SFR.

Pegar einstaka liðir eru skoðaðir kemur í ljós að þó að þátturinn launakjör sé með lægstu einkunnina af öllum þáttum, þá

	St.Rv.	VR	*Ríkisstarfsmenn	SFR
Heildarmeðaltal	3,87	4,09	3,77	3,78
Trúverðugleiki stjórnenda	3,93	4,05	3,77	3,79
Starfsandi	4,15	4,33	4,17	4,14
Launakjör	2,48	3,20	2,52	2,41
Vinnuskilyrði	3,60	4,03	3,68	3,74
Sveigjanleiki vinnu	4,11	4,36	4,08	4,19
Sjálftæði í starfi	4,23	4,32	4,19	4,21
Ímynd fyrirtækis/stofnunar/vinnustaðar	3,90	4,18	3,69	3,71
Ánægja og stolt	4,06	4,22	4,03	4,03

Einkunnir í töflunni byggjast á svörum allra óháð því hvort fyrirtækið eða stofnun komst á lista yfir stofnanir ársins.

*Ríkisstarfsmenn. Byggt á svörum allra ríkisstarfsmanna óháð stéttarfélagi

hækkar sá þáttur mest í könnuninni á þessu ári. En St.Rv. mældist neðst í þeim samanburði milli félaga fyrir ári síðan.

Það er ljóst að það dregur úr óánægju með launakjörin frá árinu 2014 en þó er ekki marktækur munur á félagsmönnum St.Rv. og SFR. Launaliðurinn er sá liður í könnuninni sem mælist með

lægstu útkomuna hjá öllum félögum en kemur þó betur út á almenna markaðinum en á opinbera markaðnum. Athygli vekur að um leið og leiðrétting verður á launakjörum hækka aðrir þættir jafnframt svo sem trúverðugleiki stjórnenda og ímynd stofnunar/vinnustaðar.

Nánari upplýsingar

Þátttökustofnunum gefst kostur á að kaupa skýrslu frá Gallup með gögnum fyrir sína stofnun, svo framarlega sem þátttaka starfsmanna uppfyllir skilyrði um lágmarkssvör. Í þeirri skýrslu er gerð ítarleg greining á niðurstöðum könnunarinnar. Í henni er m.a. borin saman meðaltalseinkunn hvernar spurningar hjá viðkomandi stofnun við meðaltalseinkunn allra stofnana á viðkomandi spurningu. Einnig eru breytingar frá síðustu mælingu skoðaðar þegar það á við. Þeir sem hafa áhuga á frekari upplýsingum er bent á að hafa samband við Tómas Bjarnason hjá Gallup í síma 540 1000 eða tomas.bjarnason@gallup.is

Vinningshafar í happadrætti könnunar St.Rv.

Fimm félagsmenn sem tóku þátt í könnun félagsins fengu veglega happdrættisvinninga. Ekki höfðu allir tók á að koma og taka á móti vinningi á tilsettum degi en Guðrún Sigurðardóttir og Jón Haukur Hilmarsson mættu til þess að taka á móti vinningum og voru glöð í bragði fyrir vikið. Aðrir sem dregnir voru út voru þau Jóna Vigdís Kristinsdóttir, Anna Snjólaug Eiríksdóttir og Þorbjörg Roach Gunnarsdóttir. Óskum við vinningshöfum innilega til hamingju um leið og við þökkum öllum þeim félagsmönnum sem tóku þátt í könnuninni. Vinningar voru tvö gjafabréf upp á 50 þúsund hvort, miðar á tónlistarviðburðinn Iceland Airwaves og tveir vinningar voru helgardvöl í orlofshúsi félagsins. Einnig var sú nýjung að þessu sinni að vera með bíómiða í skyndihappdrætti, tíu vinningshafar fengu 2 miða í bíó.



Tafla 6. Einkunnir einstakra stofnana (alls 976 svarendur).

Stofnanir með 50 starfsmenn eða fleiri	Heildar-einkunn	Trúverðugleiki stjórna	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Svarhlutfall
Meðaltal	3,883	3,94	4,18	2,48	3,61	4,15	4,21	3,90	4,07	
1. Frístundamiðstöðin Frostaskjól	4,201	4,32	4,49	2,88	3,83	4,26	4,36	4,52	4,39	80-100%
2. Seljaskóli	4,178	4,34	4,21	2,50	4,14	4,43	4,52	4,28	4,35	50-59%
3. Norðlingaskóli	4,171	4,19	4,27	2,90	4,14	4,25	4,20	4,52	4,43	35-49%
4. Frístundamiðstöðin Kampur	4,154	4,27	4,35	2,81	3,60	4,30	4,28	4,54	4,55	50-59%
5. Orkuveita Reykjavíkur	4,153	4,26	4,35	3,10	4,21	4,31	4,40	3,77	4,36	50-59%
6. Brekkubæjarskóli Akranesi	4,113	4,50	4,18	2,28	3,80	4,53	4,39	4,32	4,07	70-79%
7. Heilbrigðisstofnun Vesturlands	4,090	4,05	4,36	2,33	4,11	4,07	4,56	4,22	4,42	70-79%
8. Laugardalslaug	4,071	4,29	4,20	3,20	3,97	4,06	4,22	4,07	4,09	35-49%
9. Frístundamiðstöðin Miðberg	4,055	4,14	4,36	2,68	3,49	4,25	4,38	4,37	4,25	35-49%
10. Langholtsskóli	4,039	4,10	4,59	2,24	3,87	4,04	4,38	4,13	4,26	35-49%
11. Hitt Húsið	4,026	4,19	4,42	2,29	3,64	4,23	4,15	4,18	4,36	70-79%
12. Frístundamiðstöðin Gufunesbær	4,018	4,10	4,36	2,94	3,26	4,25	4,39	4,19	4,26	35-49%
13. Þjónustumiðstöð Vesturbæjar	4,009	4,36	4,42	1,95	3,32	4,31	4,23	4,28	4,23	35-49%
14. Frístundamiðstöðin Kringlumýri	4,009	4,12	4,30	2,85	3,39	4,11	4,25	4,27	4,30	35-49%
15. Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness	3,972	4,14	4,33	2,82	3,46	3,99	4,18	4,06	4,25	35-49%
16. Landsspítalinn - háskólasjúkrahús	3,916	4,11	4,30	1,67	3,61	4,24	4,35	4,07	4,08	35-49%
17. Faxaflóahafnir sf.	3,908	3,48	4,04	3,00	3,81	4,36	4,37	4,18	4,10	60-69%
18. Foldaskóli	3,908	4,18	4,04	2,55	3,51	4,05	4,23	3,94	4,13	60-69%
19. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	3,904	3,77	4,17	2,94	3,78	4,24	4,28	3,80	4,06	50-59%
20. Leikskólar í Reykjavík	3,886	3,96	4,19	2,47	3,43	4,10	4,24	4,24	3,95	35-49%
21. Ingunnarskóli	3,879	4,29	4,21	2,06	3,38	4,12	4,17	3,85	4,04	60-69%
22. Skrifstofa Skóla- og frístundasviðs Rvk.	3,854	3,88	4,24	2,74	3,97	4,33	4,20	3,10	3,98	60-69%
23. Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis	3,847	4,01	4,20	2,60	3,42	4,02	4,19	3,73	4,06	35-49%
24. Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða	3,842	3,96	4,01	2,97	3,63	3,75	4,11	3,76	4,14	35-49%
25. Borgarbókasafn Reykjavíkur	3,792	3,62	3,93	1,99	3,43	4,23	3,89	4,62	4,19	50-59%
26. Barnavernd Reykjavíkur	3,725	3,98	4,10	2,58	3,42	4,32	4,02	2,97	3,85	35-49%
27. Skrifstofa þjónustu og reksturs Rvk.	3,689	3,57	4,07	1,81	3,61	4,29	4,15	3,66	3,85	50-59%
28. Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts	3,611	3,56	3,78	2,53	3,37	4,02	3,81	3,64	3,88	50-59%
29. Fjármálaskrifstofa ráðhúsi	3,603	3,51	3,80	2,18	3,65	4,49	3,94	3,38	3,55	70-79%
30. Skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlands	3,592	3,53	4,20	2,05	3,34	4,24	4,00	3,31	3,60	50-59%
31. Vættaskóli	3,494	3,14	4,00	2,27	3,22	3,93	4,31	3,32	3,65	35-49%
32. Rimaskóli	3,398	3,38	3,91	1,60	3,08	3,92	4,03	3,24	3,48	35-49%
33. Strætó bs.	3,032	2,86	3,52	2,10	3,24	3,00	3,90	2,31	3,11	35-49%

Tafla 7. Einkunnir einstakra stofnana (alls 200 svarendur).

Stofnanir með 49 starfsmenn eða færri	Heildar-einkunn	Trúverðugleiki stjórnenda	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Svarhlutfall
Meðaltal	3,939	4,05	4,17	2,41	3,81	4,21	4,30	3,92	4,07	
1. Leikskólinn Garðasel Akranesi	4,604	4,97	4,89	2,18	4,75	4,26	4,63	5,00	4,96	60-69%
2. Leikskólinn Vallarsel Akranesi	4,562	4,81	4,24	2,36	4,64	4,80	4,96	4,90	4,93	50-59%
3. Fossvogsskóli	4,513	4,67	4,80	2,75	4,41	4,56	4,56	4,58	5,00	60-69%
4. Félagsbústaðir hf.	4,223	4,31	4,33	3,09	4,25	4,56	4,70	3,74	4,39	70-79%
5. Borgarsögusafn Reykjavíkur	4,071	4,01	4,49	2,09	3,82	4,41	4,31	4,65	4,19	35-49%
6. Grafarvogslaug	4,069	4,39	4,08	2,38	3,99	4,27	4,44	4,25	4,00	60-69%
7. Skrifstofa Íþrótt- og tómstundasviðs Rvk.	4,039	4,50	4,53	1,93	3,27	4,24	4,40	4,07	4,30	50-59%
8. Árbæjarlaug	3,982	4,08	3,97	2,67	3,95	4,00	4,35	4,30	4,05	50-59%
9. Breiðholtslaug	3,945	4,35	3,96	2,96	3,58	3,73	4,17	3,93	4,22	35-49%
10. Innheimtustofnun sveitarfélaga	3,936	3,65	4,04	3,04	4,19	4,69	4,46	3,28	4,14	50-59%
11. Mannréttindaskrifstofa Rvk.	3,926	4,14	4,27	2,65	3,51	4,20	3,95	3,93	4,15	80-100%
12. Skrifstofa Velferðarsviðs Rvk.	3,898	4,03	4,31	2,81	4,08	4,32	4,20	2,92	4,03	70-79%
13. Íþrótt- og tómstundasvið Seltjarnarness	3,869	3,82	3,95	2,60	3,78	4,05	4,40	4,07	3,94	35-49%
14. Listasafn Reykjavíkur	3,828	3,85	3,96	2,13	3,55	3,96	4,22	4,32	4,07	60-69%
15. Aðalskrifstofa Akranesbæjar	3,827	3,85	3,93	2,45	3,93	4,20	4,15	3,80	3,85	70-79%
16. Skrifstofa sviðsstj. USK	3,822	3,96	4,54	2,15	3,81	4,44	4,17	3,07	3,75	50-59%
17. Húsaskóli	3,799	4,28	4,00	1,63	3,73	3,31	4,40	3,94	3,94	60-69%
18. Félagsþjónustusvið Seltjarnarness	3,703	3,38	4,57	2,87	2,72	3,76	4,38	4,06	3,83	50-59%
19. Höfuðborgarstofa	3,675	3,92	3,47	2,20	3,30	4,08	3,75	4,40	3,70	35-49%
20. Bygginga- og umhverfissvið Seltjarnarness	3,636	3,43	3,78	2,78	3,72	4,36	3,67	3,83	3,46	60-69%
21. Bílastæðasjóður	3,392	3,50	3,97	1,62	3,40	4,43	4,14	2,29	3,18	50-59%
22. Framkvæmdir og viðhald Rvk.	3,339	3,12	3,60	1,70	3,50	4,04	4,10	2,94	3,40	80-100%

Stofnun ársins sérít

Ábyrgðarmaður:

Jakobína Þórðardóttir

Umsjón: Sólveig Sigr. Jónasdóttir

Grettisgötu 89, 105 Reykjavík Sími: 525 8330

Netfang: strv@bsrb.is Veffang: strv.is

Skrifstofan er opin mán.- fös. kl. 9:00-16:00

Forsíðumynd: Ágústa Þórðardóttir

Umbrot og prentun:

Guðjón Ó – vistvæn prentsmiðja



SSN númer 1670-5874



TRÚVERÐUGLEIKI STJÓRNENDA



GÓÐ VINNUSKILYRÐI



GÓÐ ÍMYND



SJÁLFSTÆÐI

